

**Sþ. 369. Tillaga til þingsályktunar [192. mál]**

um velfarnað sjómanna á siglingu og í erlendum höfnum.

Flm.: Karl Steinar Guðnason, Ólafur Björnsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa þriggja manna nefnd til að gera tillögur um ráðstafanir til að auka velfarnað íslenskra sjómanna á siglingu og í erlendum höfnum.

Nefndin skal sérstaklega athuga eftirtalin atriði:

- 1) Hvernig tryggja megi, að í íslenskum skipum verði ekki aðeins sjónvarp, heldur og myndsegulbandstæki.
- 2) Hvernig unnt verði að láta festa á segulhönd íslenskt efni, þar á meðal sjónvarpsdagskrár, og lána böndin til skipa.
- 3) Hvort Ísland getur með því að gerast aðili að norrænum eða alþjóðlegum samtökum tryggt sjómönnum þjónustu, þ. á m. lán á kvikmyndum og segulböndum, í erlendum höfnum.

Nefndin skal skipuð þannig, að Sjómannasamband Íslands tilnefni einn mann, Farmanna- og fiskimannasamband Íslands annan, en hinn þriðji sé skipaður af ráðherra án tilnefningar.

## Greinargerð.

Á síðasta þingi flutti Benedikt Gröndal samhljóða þingsályktunartillögu, sem ekki varð útrædd.

Svo hljóðandi greinargerð fylgdi tillögunni:

Skipaeign Íslendinga, bæði farskip og fiskiskip, fer stöðugt vaxandi og hefur endurnýjun verið ör. Jafnframt hefur orðið mikil framför í aðbúnaði áhafna ekki síður en í almennum tæknibúnaði skipanna.

Margt er samt sem áður ógert til að gera sjómönnum kleift að nota frjálsar stundir um borð á sem bestan og heilbrigðastan hátt, efla félagslíf áhafna og gefa þeim kost á að njóta svipaðrar þjónustu og fólk í landi hefur af sjónvarpi og kvikmyndum.

Nokkur íslensk skip hafa 16 mm kvikmyndavélar um borð, en hér á landi er mjög takmarkað úrval mynda, sem unnt er að lána til skipanna, sérstaklega ef ferðir þeirra eru langar. Helsta kvikmyndasafn landsins einbeittir kröftum sínum að skólum og fræðslu, en hefur ekki fjárhagslegt bolmagn til að eignast mörg eintök af myndum eða kaupa langar myndir.

Þá hafa nokkur skip fengið myndsegulbandstæki, sem tengd eru við sjónvarps-tæki. Þau breiðast nú ört út í skipum um allan heim, og er sú tækni talin henta þessu verkefni mjög vel. Þegar skipin eru nærri íslenskum eða erlendum sjónvarpsstöðvum, er hægt að taka upp dagskrár, þannig að sjómenn geti notið þeirra, hvenær sem frí-vaktir þeirra eru. Erlendis, t. d. í Noregi, er skipulögð starfsemi til að festa alls konar efni á myndsegulbönd og lána um borð í skip, þannig að sjómenn missi ekki af besta sjónvarpsefni, þótt þeir séu fjarri heimahögum, þegar það er sent út. Einnig er hægt að setja kvikmyndir á segulbönd, svo og ýmislegt annað efni, heil fræðslunámskeið, kennslu í meðferð öryggistækja og hvað eina.

Í þessu sambandi hafa komið upp flókin vandamál varðandi höfundarrétt. en þau á að vera unnt að leysa. Ríkisútvarpið hefur að vísu sýnt því máli furðulegt áhugaleysi og hefur ekki enn komið því til leiðar, eftir 10 ára sjónvarp, að unnt sé að fá til sýninga í skólum nokkurn dagskrárlið, hversu æskilegt fræðsluefni sem hann kann að vera. eftir að sjónvarpið hefur notað hann sjálft. Verður því ekki trúað að óreyndu, að starfsfólk sjónvarpsins standi í vegi fyrir lausn á þessu máli, enda væri sjálfsagt að ákveða sameiginlega höfundargreiðslu í einhverja sjóði þess, þegar efni er tekið upp til endursýningar í skipum eða skólum, hvort sem er á filmu eða myndsegulband.

Það er svo útbreidd skoðun, að sjómenn eyði tíma sínum í erlendri höfn einungis í svall, að samtök þeirra hefðu fyrir löngu átt að gera ráðstafanir til að spyrna gegn henni. Í þeim efnum eru sjómenn án efa misjafnir eins og annað fólk, en óréttlátt að dæma þá sem heild. Hitt er sönnu nær, að þeir hafi ekki haft aðstöðu til að hagnýta sér margvíslega þjónustu, sem t. d. hin Norðurlöndin halda uppi fyrir sína sjómenn í erlendum höfnum. Þar á meðal eru lán á sýningarefni fyrir kvikmynda-vélar eða myndsegulbandstæki. Þarf að kanna það mál vandlega, enda fer þeim sífellt fjölgandi, sem íslensk skip koma til, og á síðari árum hefur það gerst í vaxandi mæli, að íslensk skip með íslenskum áhöfnum séu í langvarandi siglingum milli erlendra hafna.

Margt kemur fleira til greina, og mundi könnun á viðhorfum sjómanna sjálfra án efa leiða í ljós óskir og hugmyndir. Svo mikilvæg sem sjómastéttin er þjóðinni er ástæðulaust að útgerðarfélag leggi ekki fram þann kostnað, sem kann að verða við hætta aðstöðu í þessum efnum.